

# Janúar 2013

## Komið sæl

Gleðilegt nýtt ár og kærar þakkir fyrir samstarfið og samverustundirnar á árinu sem nú rétt er liðið. Við horfum sátt til ársins 2012 sem gekk vel, við höfum verið gagnrýnin á eigið starf, reynt eftir fremsta megni að gera vel og höfum það að leiðarljósi að við getum alltaf gert betur.

Vetur konungur hefur verið mjög sýnilegur og framkallað mikinn snjó handa íbúum Eyjafjarðar, allavega svona út með firði. Snjórinn er skemmtilegt leikefni en stundum getur hann valdið leiðindum s.s. hálfu sem kemur í veg fyrir að við getum notið hans eins og við vildum helst gera. Daginn er tekið að lengja og horfum við björtum augum til þess að snjóa leysi og lóðin okkar fái að líta dagsins ljós en við ætlum samt sem áður að njóta vetrarins og takast á við hin ýmsu verkefni innandyra sem utan þangað til.

Nú er Anna Lauga farin í veikindaleyfi og svo fæðingarorlof og hefur Drífa tekið við deildarstjórn með Ágústu, deildarstjóra Skakkalands innan handar. Við munum skipta á okkur verkum og vera með ákveðna viðveru á báðum deildum. Lilja Rós hefur verið enduráðin og verður á Hólakoti frá 8:15–16:15 alla daga fram að sumarleyfi. Annars er starfsmannahópurinn eins og hefur verið í haust, frábærar konur með reynslu og þekkingu sem nýtist vel hér í leikskólanum.

Drífa Þórarinsdóttir, leikskólastjóri.



## Foreldraráð 2012-2013

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Erna Þórey (Vala Katrín og Egill Bjarki)  
Hanna Kristín (Hákon Þór)  
Helga (Eyrún Hekla)  
Karl Ingi Atlason (Bríet Þóra)

## Janúar

Náttfatadagur 18. janúar

Porrablót 25. janúar



Vinsamlegast drepið á bílunum.

Leggið ekki í stæði næst skólanum (við inngang skýjaborgar), það er ætlað fötluðum og vörflutningabílum.

LAUSAGANGUR VELDUR



eldsneytiseyðslu,  
slyshættu og mengun



## Grænfáinn

Við ætlum að vinna skemmtileg verkefni utandyra þegar lóðin okkar verður orðin greiðfærari.

"Allt er vænt sem vel er grænt"



Foreldrafélag Krílakots  
Skólaárið 2011-2012

Ágústa Kristín (mamma Magneu)  
Guðrún Ósk (mamma Ásdísar Ingu)  
Snæþór (pabbi Hólmars Elí)

## Uppbyggingarstefnan

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi



Sáttmálinn okkar byggir á ákveðnum þáttum sem við teljum mikilvægt að takast á við.

"Við erum góð við hvert annað"  
Það eru allir jafnir óháð stöðu,  
aldri, þjóðerni og kyni.

Við viljum hvetja foreldra til að aðstoða okkur í að tala jákvætt um aðra og sýna öðrum virðingu. Það er mikilvægt að börnin læri að allir eru jafn mikilvægir og hafi jafnan rétt.

Sýnum jákvæðni og stöndum saman.